

# EES-STOFNANIR

## SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 1/2007

2007/EES/38/01

frá 27. apríl 2007

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐAN-  
GREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 141/2006 frá 8. desember 2006 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/130/EB frá 10. febrúar 2006 um breytingu á ákvörðun 98/536/EB um skrá um innlendar tilvísunarrannsóknarstofur fyrir greiningu efnaleifa <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/117/EB frá 3. febrúar 2006 um breytingu á ákvörðunum 2001/881/EB og 2002/459/EB um skrá yfir skoðunarstöðvar á landamærum <sup>(3)</sup>.
- 4) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/214/EB frá 7. mars 2006 um breytingu á I. og II. viðauka við ákvörðun 2002/308/EB um skrá yfir viðurkennd svæði og viðurkenndar eldisstöðvar með tilliti til fisksjúkdómanna veirublæðingar og/eða iðradreps <sup>(4)</sup>.
- 5) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/272/EB frá 5. apríl 2006 um breytingu á ákvörðun 2004/453/EB að því er varðar Svíþjóð og Breska konungsríkið <sup>(5)</sup>.
- 6) Ákvörðun þessi á ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

I. kafli I. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 39. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/881/EB) og 46. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/459/EB) í hluta 1.2:  
„– **32006 D 0117**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/117/EB frá 3. febrúar 2006 (Stjttíð. ESB L 53, 23.2.2006, bls. 1).“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í 66. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/308/EB) í hluta 4.2:  
„– **32006 D 0214**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/214/EB frá 7. mars 2006 (Stjttíð. ESB L 80, 17.3.2006, bls. 46).“
3. Eftirfarandi bætist við í 79. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/453/EB) í hluta 4.2:  
„, eins og henni var breytt með:  
– **32006 D 0272**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/272/EB frá 5. apríl 2006 (Stjttíð. ESB L 99, 7.4.2006, bls. 31).“
4. Eftirfarandi undirliður bætist við í 39. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/536/EB) í hluta 6.2:  
„– **32006 D 0130**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/130/EB frá 10. febrúar 2006 (Stjttíð. ESB L 52, 23.2.2006, bls. 25).“

2. gr.

<sup>(1)</sup> Stjttíð. ESB L 89, 29.3.2007, bls. 6, og EES-viðbætur nr. 15, 29.3.2007, bls. 5.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. ESB L 52, 23.2.2006, bls. 25.

<sup>(3)</sup> Stjttíð. ESB L 53, 23.2.2006, bls. 1.

<sup>(4)</sup> Stjttíð. ESB L 80, 17.3.2006, bls. 46.

<sup>(5)</sup> Stjttíð. ESB L 99, 7.4.2006, bls. 31.

Íslenskur og norskur texti ákvarðana 2006/130/EB, 2006/117/EB, 2006/214/EB og 2006/272/EB, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 28. apríl 2007 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 27. apríl 2007.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**A. Scatter**

formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.